

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Grundarfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar tekur ákvörðun, samkvæmt skipulagi, um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða.

2. gr.

Pegar holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Á sama hátt skal farið með regnvatn af húsum og lóðum ef unnt er og það tengt við aðalræsi eða sérstakt regnvatnsræsi.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupsinsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða stofngjald, sem hreppsnefnd ákveður árlega. Stofngjaldið skal greiddast áður en tenging við aðalræsi er leyfð.

Auk stofngjalds af hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi hreppsins, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu uppbæra fasteignamati húss og lóðar eins og það er notað hverju sinni sem álagningastofn fasteignaskatts. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. febrúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar og sett er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Grundarfjarðar er eign Eyrarsveitar. Heimili hennar og varnarþing er í Grundarfirði.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem skipulagt er og vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Grundarfirði.

3. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður og bókhald. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo að húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við. Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á aðalæðum og dreifiaðum.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

5. gr.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilisþarfa fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurð vatnsveitunnar. Ef óskað er eftir vatnsnotkun utan þess svæðis, sem vatnsveitan nær til og hefur verið tekið til skipulags og byggingar, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.